

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða; ber hreppsnefndinni að ávaxta hann á tryggan og öruggan hátt. Allir vextir skulu lagðir við höfuðstólinn, sem og tillög úr sveitarsjóði, gjafir og áheit, sem honum kann að hlotnast, unz hann er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur. Eftir það leggst $\frac{1}{10}$ ársvaxta við höfuðstólinn, en $\frac{1}{10}$ þeirra falla til útborgunar.

40

2. maí

4. gr.

Þeim hluta vaxtanna, sem falla til útborgunar, skal varið til skógræktar í Svarfaðardalshreppi. Ber hreppsnefndinni að hlutast til um það, að til framkvæmda komi með skógræktina. Er það á hennar valdi hvernig fénu er varið, hvort það er veitt einstökum mönnum, félögum eða hreppurinn sjálfur framkvæmir skógrækt, allt eftir því, sem hún álitur gefi beztan árangur. Ætíð skal þess gætt að útborgunarféð sé ekki fyrirfram bundið þegar hreppsnefndarkosningar fara fram.

5. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Dalvík, 8. apríl 1933.

Í hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps.

Jóh. Jóhannesson.
Helgi Símonarson.

Gestur Vilhjálmsson.
Óskar Kr. Júlíusson.
Gamaliel Hjartarson.

Jóh. Páll Jónsson.
Þorsteinn Antonsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Þórunnar ljósmóður Hjörleifsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 2. maí 1934. Skipulagsskráin er þannig: 41 2. maí

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Þórunnar ljósmóður Hjörleifsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Þórunnar ljósmóður Hjörleifsdóttur. Stofnfé hans er 225,00 — tvö hundruð tuttugu og fimm — krónur, en er nú krónur 478,20. Fjárupphæð þessi var afhent Þórunni í samsæti, sem Svarfdælingar héldu henni haustið 1915, er hún hafði sagt af sér ljósmóðurstörfum.

41

2. maí

Tilgangur sjóðsins er sá, að bæta úr brýnustu þörfum fátækra sængurkvenna í Svarfaðardalshreppi.

2. gr.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða eða það sem við hann er lagt og ber hreppsnefndinni að ávaxta hann á öruggan og góðan hátt. Allir vextir skulu lagðir við höfuðstólinn unz hann er orðinn 2000,00 — tvö þúsund — krónur. Eftir það leggst $\frac{1}{4}$ ársvaxtanna við höfuðstólinn, en $\frac{3}{4}$ þeirra falla til útborgunar. Verði eitthvert ár enginn styrkur veittur, leggjast allir vextirnir við höfuðstólinn.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af sveitarstjórn Svarfaðardalshrepps. Skal hreppsnefndin árlega semja reikning hans, ásamt sveitarsjóðsreikningi og færa innstæðu sjóðsins á eignaskýrslu hreppsreiknings, en sýslunefnd endurskoðar og úrskurðar reikninginn. Reikning sjóðsins ber að innfæra í dagbók hreppsins.

5. gr.

Úthlutun styrktarfjár úr sjóðnum hafa á hendi þrjár konur, sem kosnar eru meirihlutakosningu á lögsmætum sveitarfundi til óákveðins tíma. Ætíð skal kosning fram fara, þegar sæti losnar í nefndinni í auða sætið.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Dalvík, 1. maí 1933.

Stefán Kristinsson. Jóh. Jóhannesson.

42

11. maí

AUGLÝSING

um staðfestingu kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd.

1. gr.

Í umdæmi Barnaverndarnefndar Vestmannaeyja er bannað að selja börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak. Bannað er að gefa þeim það eða stuðla á nokkurn hátt að því, að þau neyti þess.